

# SAMNINGUR

milli Ríkisútvarpsins ohf. (hér eftir nefnt RÚV) og Félags íslenskra leikara (hér eftir nefnt FÍL) um kaup og kjör félagsmanna FÍL við Sjónvarpið.

## 1. RÁÐNINGARSAMNINGUR

1.1. Áður en vinna hefst skal gerður skriflegur ráðningarsamningur við hvern leikara og skal í honum getið um fyrirhugað æfinga- og upptökutímabil. FÍL skal sent afrit af ráðningarsamningi.

## 2. LAUN OG VINNUFRAMLAG

2.1. Ráðningartími leikara er hálfur eða heill dagur. Hver hálfur dagur telst 6 klst. Hver heill dagur telst 10 klst. en heimilt er að boða leikara í förðun og búningamátun á tókudegi, í allt að 2 klst. áður en upptökur hefjast og/eða að lokinni upptöku og er þá greitt skv. grein 2.4. Auk þess er heimilt, með samþykki leikara, að framlengja upptökutíma umfram 10 klst. og greiðist þá 18% álag á hverja byrjaða klst ( kr. 10.900 fyrir 2023)

2.2. Heimilt er þó í sérstökum tilfellum að boða leikara til 3 klst. æfinga.

2.3. Vinnudagur hefst þegar leikari mætir til vinnu skv. boðun og þar til hann má yfirgefa vinnustað. Ef leikari er ráðinn samfellt í fleiri en 5 daga skal hann fá einn frídag. Ef ekki er unnt að veita frídaginn skal hann greiddur með 8 klst.

2.4. Tímakaup leikara er kr. 3.305.- ( kr. 9.237 fyrir 2023)

2.5. Ef um mjög stór hlutverk er að ræða skal leikari fá álag skv. fyrirframgerðu samkomulagi.

2.6. Greiðslur skv. greinunum hér á undan í kafla 2 eru aðeins fyrir vinnuframlag. Um rétt og greiðslur fyrir sýningar vísast til kafla 7.

## 3. ÆFINGAR, UPPTÖKUR OFL.

3.1. Tímakaup skv. 2.4. á bæði við um æfingar og upptöku.

3.2. Leikara skal boða til vinnu með minnst 24 klst. fyrirvara. Greiða skal fyrir æfingu eða upptöku hafi hún ekki verið afboðuð með 12 klst. fyrirvara. Undantekningu frá þessu má gera með samkomulagi við leikara ef veður, annað hvort, kallar á eða hamlar upptöku.

3.3. Þegar vinna fer fram fjarri heimili leikara reiknast dagafjöldi frá þeim degi er ferð hefst, til og með þess dags er henni lýkur. Þó getur ferðadagur aldrei reiknast meira en einn dagur.

3.4. RÚV greiðir allan ferða- og upphaldskostnað leikara skv. almennum reglum.

#### 4. ÓPERUSÖNGUR OG ÓPERUFLUTNINGUR

4.1. Ef ópera (óperetta eða söngleikur) er gerð á vegum RÚV eru undirbúningur, æfingar og upptökur greiddar skv. kafla 2 í samningi þessum.

#### 5. ÓPERUSÖNGVARAR – EINSÖNGVARAR

5.1. Ef söngatriði er unnið á vegum RÚV eru undirbúningur, æfingar og upptökur greiddar skv. kafla 2 í samningi þessum.

5.2. Fyrir flutning söngatriðis greiðist sem hér segir: (tölur innan sviga eru launatölur f. 2023 og við það bætist álag v. aldurs, sýninga og verktöku )

Fyrir 0 – 5 mín.	söng skal greiða	20.876,- ( 58.348 fyrir 2023)
Fyrir 6 – 10 mín.	söng skal greiða	28.755,- ( 80.370 fyrir 2023)
Fyrir 11 – 20 mín.	söng skal greiða	36.663,- ( 102.473 fyrir 2023)
Fyrir 21 – 30 mín	söng skal greiða	42.195,- ( 117.935 fyrir 2023)

5.3. Komi söngvarinn ekki fram í sjónvarpsmyndinni greiðist 80% af taxta skv. gr. 5.2.

5.4. Fyrir allan rétt til að birta leikverk unnin á grundvelli samnings þessa í miðlum RÚV þ.m.t. á netinu, þ.e. ótakmarkaðan og ótímabundinn heildarrétt RÚV, greiðist söngvara 8% aukaálag fyrir flytjendarétt ofan á heildarlaun skv. greinum 5.1. – 5.3.

#### 6. LISTDANSARAR

6.1. Fyrir þátttöku í listdanssýningu á vegum RÚV skal greiða skv. kafla 2 í samningi þessum.

6.2. Fyrir dansa og æfingu á þeim, sem skeytt er inn í skemmti- eða barnaþætti, skal danshöfundur fá greitt tímakaup skv. kafla 2 í samningi þessum, með 30% álagi.

6.3. Fyrir allan rétt til að birta leikverk unnin á grundvelli samnings þessa í miðlum RÚV þ.m.t. á netinu, þ.e. ótakmarkaðan og ótímabundinn heildarrétt RÚV, greiðist dansara 8% aukaálag fyrir flytjendarétt ofan á heildarlaun.

6.4. Óski RÚV eftir að sjónvarpa heilli listdanssýningu sem ekki er undirbúin af RÚV, eða hluta slíkrar sýningar beint eða eftir upptöku skal gerður um það sérstakur samningur við viðkomandi dansflokk.

6.5. Um frumsaminn listdans, fyrir sjónvarp, skal samið sérstaklega hverju sinni og skal þá taka mið af lengd verksins og fjölda dansara.

#### 7. ÚTSENDINGAR, ENDURFLUTNINGUR OG MIÐLUN

7.1. Fyrir hverja frumsýningu greiðist leikara 20% af upphaflegri greiðslu og er hún framreiknuð til þess dags er sýningin fer fram.

7.2. Fyrir allan rétt til að birta leikverk unnin á grundvelli samnings þessa í miðlum RÚV þ.m.t. á netinu, þ.e. ótakmarkaðan og ótímabundinn heildarrétt RÚV, greiðist leikara 8% aukaálag fyrir flytjendarétt ofan á heildarlaun skv. greinum 2.4., og 10.1.

7.3. Um sölu og dreifingu efnis á DVD eða með öðrum hætti skal samið sérstaklega við FÍL.

7.4. Um sölu og dreifingu efnis til annarra sjónvarpsstöðva skal samið sérstaklega við FÍL.

## 8. ÞÁTTTAKA Í SKEMMTIÞÁTTUM

8.1. Fyrir skemmtiatriði sem ekki eru undirbúin af RÚV (þ.e. atriði sem viðkomandi eiga allan veg og vanda af s.s. höfundalaun o.fl. þ.h.) skal semja sérstaklega hverju sinni.

## 9. UM LEIK EÐA LESTUR UTAN MYNDAR

9.1. Fyrir vinnu leikara við lestur eða leik utan myndar greiðist eftir lengd mynda og fjölda leikara:

### 0 – 5 mín

1 leikari	10.541.- ( 29.462 fyrir 2023)
2 eða fleiri	7.700.- ( 21.522 fyrir 2023)

### 6 – 15 mín

1 leikari	15.329.- (42.845 fyrir 2023)
2 leikarar	12.457.- ( 38.817 fyrir 2023)
3 eða fleiri	9.580.- ( 26.776 fyrir 2023)

### 16 – 30 mín

1 leikari	24.911.- ( 69.626 fyrir 2023)
2 leikarar	15.927.- ( 44.516 fyrir 2023)
3 eða fleiri	12.457.- ( 34.817 fyrir 2023)

### 31 – 40 mín

1 leikari	32.558.- ( 91.000 fyrir 2023)
2 leikarar	19.162.- ( 53.558 fyrir 2023)
3 leikarar	13.415.- ( 37.795 fyrir 2023)
4 eða fleiri	11.498.- ( 32.197 fyrir 2023)

9.2. Fyrir hverja mínútu umfram 40 mín greiðast kr. 429.- ( 1.199 fyrir 2023)

9.3. Ef um er að ræða myndaflokk, þrjá þætti eða fleiri, er RÚV heimilt að greiða leikara 75% af launum skv. gr. 9.1. eftir fyrstu þrjá þættina.

9.4. Fyrir lestur við sjónvarpsmynd, þar sem leikari þarf að taka tillit til myndarinnar (sögumaður, þulur), greiðast 65% af því sem tiltekið er í gr. 9.1.

9.5. Fyrir ofangreinda greiðslu öðlast RÚV rétt til þriggja sýninga á fimm árum. Fyrir allan rétt til að birta leikverk unnin á grundvelli samnings þessa í miðlum RÚV þ.m.t. á netinu, þ.e. ótakmarkaðan og ótímabundinn heildarrétt RÚV, greiðist söngvara 8% aukaálag fyrir flytjendarétt ofan á heildarlaun skv. greinum 9.1. – 9.4.

## 10. ALDURSÁLAG

10.1. Á öll laun skv. samningi þessum skal greiða álag þegar aldur og aðild að FÍL hefur samtals náð:

35 árum – 5% ( tímal. m.aldursálagi 9.699 1.jan´23)

45 árum – 10% ( tímal. m.aldursálagi 10.161 1.jan´23)

60 árum – 15% ( tímal. m.aldursálagi 10.623 1.jan´23)

75 árum – 20% ( tímal. m.aldursálagi 11.084 1.jan´23)

90 árum – 25% ( tímal. m.aldursálagi 10.546 1.jan´23)

10.2. Álagsgreiðslur þessar skulu gilda frá 1. júlí á því ári er ofangreindum árafjöldi er náð.

## 11. KYNNING LEIKARA

11.1. Við útsendingu dagskrár, sem fjallað er um í samningi þessum, skal getið nafns hvers leikara, sem tekur þátt í henni, nema sérstakar ástæður valdi, að rétt þyki að fella kynninguna niður. Í slíkum tilvikum skal leikaranum skýrt frá þessu með hæfilegum fyrirvara fyrir útsendingu.

## 12. TRYGGINGAR, FORFÖLL, HÆTT VIÐ ÚTSENDINGU OFL.

12.1. Slasist leikari við vinnu í þágu RÚV á hann rétt til slysabóta með þeim hætti sem tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði skv. samningi ASÍ og SA.

12.2. Forfallist leikari vegna veikinda eftir að æfingar hefjast á hann rétt á launum fyrir þann tíma sem hann hefur unnið. Í slíkum tilvikum skal framvísa læknavottorði.

12.3. Mæti leikari ekki til æfinga, upptöku eða útsendinga, án löglegra forfalla, getur RÚV rift ráðningarsamningi hans, án greiðslu fyrir þá vinnu sem hann hefur þegar tekið þátt í.

### **13. LAUNAUPPGJÖR**

13.1. Laun skulu greidd í seinasta lagi innan tveggja vikna frá því að upptöku lýkur eða sýning fer fram.

### **14. ORLOF, LÍFEYRISSJÓÐUR, FÉLAGSGJÖLD O.FL.**

14.1. Ofan á allt kaup, sem um ræðir í samningi þessum greiðir RÚV orlof skv. landslögum, að undanskyldum launum fyrir sýningar erlendis.

14.2. Ofan á allar greiðslur til leikara skv. þessum samningi greiðir RÚV 1% í Sjúkrasjóð FÍL og 0,25% í Byggingarsjóð félagsins.

14.3. RÚV greiðir 8% af öllum launum skv. samningi þessum í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nema leikari óski annars, á móti 4% iðgjaldi leikara, og ber RÚV að standa skil á iðgjaldagreiðslum skv. reglugerð hans.

### **15. LEIKSVIÐSVERK, BROT ÚR UPPTÖKU OFL.**

15.1. Óski RÚV eftir að sjónvarpa heilli leiksýningu sem ekki er undirbúin af RÚV, eða hluta slíkrar sýningar beint eða eftir upptöku, skal samið um það sérstaklega við viðkomandi leikhús.

15.2. Hluta úr sýningu í leikhúsum má, að því er tekur til meðlima FÍL, sjónvarpa í kynningarskyni. Skal samið um það sérstaklega við viðkomandi leikhús.

15.3. Einnig er heimilt, án sérstakrar greiðslu til leikara, að sjónvarpa með fréttum og fréttatengdum þáttum, örstuttum köflum slíkra sýninga. Útsendingin má þó ekki standa lengur en í þrjár mínútur.

15.4. RÚV er heimilt að flytja brot eða kafla úr verkum, sem varðveitt eru í upptöku, í samfelldum dagskrám eða öðrum dagskrárliðum, sem ekki falla undir önnur ákvæði samnings þessa. Heimil er ótakmörkuð notkun að öðru leyti en því að samtals mega brot úr hverju verki í hverjum dagskrárlið ekki fara fram úr 3 mínútum, enda séu slík brot eða kaflar ekki birtir á þann hátt, eða í því samhengi, að listamannsheiður viðkomandi sé skertur. Fyrir slíka notkun skal árlega greiða kr. 1,5 milljón og rennur greiðslan til FÍL.

### **16. ENDURFLUTNINGUR ELDRI VERKA OG GREIÐSLA TIL FÍL**

16.1. Þau leikverk sem RÚV hefur á liðnum árum framleitt á grundvelli kjarasamnings þess við FÍL er RÚV heimilt að endurbirta. Í stað þeirrar reglu síðastgildandi samnings að endurbirtingin sé launuð með 20% af framreiknaðri upphaflegri þóknun til hlutaðeigandi leikara skal þóknun eftirleiðis vera í formi árlegs framlags til FÍL, sem skal fyrir árið 2008 vera kr. 3 milljónir. Fjárhæðin greiðist 1. febrúar ár hvert, fyrst þann 1. febrúar 2008. Hún skal framreiknast frá vístölu neysluverðs frá grunnvístölu 281,8 (desember 2007) í fyrsta

sinn 1. febrúar 2009 til þess vísitölustigs sem þá verður í gildi og með sama hætti fram til þeirra árlegu gjalddaga sem á eftir koma.

16.2. RÚV greiðir árlega, meðan samningur þessi er í gildi kr. 300.000.- til FÍL (menningarsjóð). Fjárhæðin greiðist 1. febrúar ár hvert, fyrst þann 1. febrúar 2008. Hún skal framreiknast frá vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu 281,8 (desember 2007) í fyrsta sinn 1. febrúar 2009 til þess vísitölustigs sem þá verður í gildi og með sama hætti fram til þeirra árlegu gjalddaga sem á eftir koma.

## 17. GRUNNKAUPS OG VÍSITÖLUHÆKKUN

17.1. Greiðslur í þessum samningi, aðrar en þær sem tilgreindar eru í gr. 16, skulu árlega, þann 1. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2008 framreiknast skv. breytingum á launavísitölu frá grunnvísitölu hennar 311,5 (janúar 2007). Hækkunin 1. janúar 2008 skal þannig ráðast af breytingunni á launavísitölunni frá framgreindri grunnvísitölu til þess stigs sem á henni verður í nóvember 2008 og áfram til nóvemberstigs komandi ára.

## 18. SAMSTARFSNEFND

18.1. Aðilar að þessum samningi skulu, ef tilefni gefst, tilnefna hvor um sig tvo menn í samstarfsnefnd til að fjalla um og jafna ágreining sem upp kann að koma við framkvæmd eða túlkun samningsins. Nefndin skal koma saman innan tveggja vikna frá því að annar hvor aðilinn óskar þess, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

## 19. GILDISTÍMI

19.1. Samningur þessi gildir frá 1. september 2007 til ársloka 2012. Eftir það er samningurinn uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík 27. desember 2007

F.h. Ríkisútvarpsins

F.h. Félags íslenskra leikara  
með fyrirvara um samþykki  
trúnaðarmannaráðs og félagsfundar.

**BÓKUN 1.** Á samningstímanum er ráðgert að stórauka framleiðslu á leiknu efni og er því hér um tilraunasamning að ræða. Að loknum þremur árum verður árangurinn metinn af samstarfsnefndinni.

Reykjavík 27. desember 2007

F.h. Ríkisútvarpsins

F.h. Félags íslenskra leikara  
með fyrirvara um samþykki  
trúnaðarmannaráðs og félagsfundar.

Markús Örn Antonson

Randver Þorláksson  
Valur Freyr Einarsson